

# Fréttin sem enginn vildi birta – samstaða um þöggun?

Eftir Ole Anton Bieltvedt



Ole Anton Bieltvedt

15. ágúst sl. sendum við í Jarðarvinum eftirfarandi fréttatilkynningu á alla helztu fjölmiðla landsins:

„Skv. gagni með yfirskriftinni „Vetraraffkoma íslenskra hreindýrakálfa“, sem Náttúrustofa Austurlands (NA) sendi umhverfisráðherra 17. júlí sl., var meðaldánartíðni hreindýrskálfa, veturinn 2018-2019, 21%. Var dánartíðni frá 9% upp í 45%, eftir svæðum. Er 45% talan ógnvekjandi; annar hver kálfur fórst.

Skv. talningu NA í október í fyrra, sem NA staðfesti við okkur 9. ágúst sl., voru hreindýrskálfa 2.255, en, þar sem 1.060 kýr höfðu verið drepar í ágúst/september 2018, voru kýrnar, sem áttu kálfa 2018 3.315 kýr.

Hlutfall geldra hreindýrskúla á Íslandi er 10-15%. Ef reiknað er með, að 15% kúnna 3.315 sem báru kálfi voríð 2018 hafi verið geldar fæddust 2.800 kálfar það vor.

Ofanefnt þýðir að um 600 hreindýrakálfar hafi farizt – væntanlega mest úr hungri og vosbúð – síðasta vetur í íslenskum hreindýrahögum.

Frá 1. ágúst 2018 til 15. sept-

ember 2018 heimilaði umhverfisráðherra dráp á 1.061 kú. Voru yngstu kálfarnir rétt 8 vikna þegar drápið á mæðrum þeirra hófst. Er sjálfgefið að mestur hluti kálfanna 600 sem fórust hafi verið móðurlaus og vanbúinn til að standa á eigin fótum þó að tíðarfar síðasta vetur hafi verið gott. – Getu menn ímyndað sér

hvilíkur fjöldi munaðarlausra kálfa hefði drepist ef harður vetur hefði komið.

Eftir sumarveiðar 2018 þar sem um 1.400 dýr voru felld var heildarfjöldi hreindýra á Íslandi um 5.500 dýr að sögn NA.

Á dögnum var það heimsfrétt að 200 hreindýr drápu á Svalbarða. Ástæðan þar var talin loftslagsbreytingar og hitasveiflur sem þeim tengjast. Haustið 2018 kom þar hlýindakafli og svo hörkufrost ofan í það. Lagðist klakabrynja yfir beitiland dýranna sem þau komust ekki í gegnum. Því fór sem fór.

Hörmungarsaga sem vakti athygli víða um heim. Á Svalbarða eru þó um 22.000 hreindýr. Drapst þannig með þessum hörmulega hætti „aðeins“ um 1% dýranna.

Hér var engum loftslagsbreytingum eða klakabrynjum fyrir að

fara, heldur fórst 21% kálfanna, 600 burðarlitlir kálfar, á fyrsta vetri af mannavöldum; skeytingarleysi, vanrækslu og virðingarleysi stjórnvalda gagnvart lífríkinu og náttúrunni.

Umhverfisráðherra hefði getað seinkað veiðitíma hreindýrskúla í ár á grundvelli þeirra upplýsinga, sem hann fékk frá NA 17. júlí sl. en gerði það ekki.

Hreindýr tilheyra flokki hjartardýra. Hér má drepa hreindýrskýr frá 1. ágúst þegar yngstu kálfar eru 8 vikna. Í Noregi má ekki drepa hreindýrskýr frá kálfa um fyrr en með og frá 20. ágúst en þar sem kálfar fæðast fyrr í Noregi – þar vorar fyrr – eru kálfar þar minnst 12 vikna þegar dráp mæðra þeirra hefst.

Í Svíþjóð má ekki drepa skyldar kýr – líka af hjartarættinni – fyrr en 3. september (elgir) og 1. október (dádýr). Þar vorar líka nokkru fyrr. Er kálfar þessara nátengdu dýra því yngstir 14 vikna og 18 vikna þegar dráp mæðra þeirra má hefjast.

Til að samræma veiðitíma hreindýrskúla því sem minnst er í hinum ríkjum Norðurlandanna og draga úr því að hreindýrakálfar hér farist í stórum stíl með kvalfullum og hörmulegum hætti þyrfti að lengja gríðatíma hreindýrakálfa hér til a.m.k. 27. ágúst.

Einhver hluti hreindýrskálfa fellur að vetri af náttúrulegum ástæðum þó að kálfar njóti móð-

» Um 600 hreindýrakálfar hafi farizt síðasta vetur í íslenskum hreindýrahögum, væntanlega mest úr hungri og vosbúð.

urmjólkur og móðurverndar en það hlutfall liggur langt, langt undir nefndri dánartíðni kálfa hér.

Þetta sendist ykkur til góðfúslegrar upplýsingar og – eftir atvikum – umfjöllunar.“

Við, í Jarðarvinum, sendum sem sagt ofangreinda fréttatilkynningu, um þennan stórfellda og hörmulega dauðdaga allra þessara litlu hreindýrskálfa, að nokkru eða miklu leyti af mannavöldum, 15. ágúst sl. Hún fór á alla helztu fjölmiðla landsins; dagblöð, sjónvarpsstöðvar, útvarpsstöðvar og alla helztu vefmiðla.

Aðeins einn þeirra hafði sjálfstæði og manndóm í sér til að skýra frá fréttinni; Hringbraut. Allir hinir þöguðu þunna hljóði. Á Hringbraut heiður skilinn!

Sátu veiðimenn kannski í rit-

eða fréttastjórnur? Eða beittu kannski allt að 4.000 veiðimenn sem sumir kalla „hvítflíba“, hreindýraveiðiferð kostar hundruð þúsunda, ef ekki hálf milljón, þumalskrúfu auglýsingakaupa eða öðrum persónulegum áhrifum á miðlana?

Skammarlegt aðgerðarleysi og þöggun þeirra sem einmitt eiga að stuðla að frjálsum fréttatilkynningu og bera ábyrgð á lýðræðislegri umræðu í landinu.

Sumir vildu afsaka sig með því að þetta væri einhliða fréttatilkynning. Af þessu gáfu þessir menn þá ekki Náttúrustofu Austurlands og/eða Umhverfisstofnun, eða þá umhverfisráðherra, eina viku til andsvara, áður en þeir birtu fréttina?

Léleg frammistaða þeirra, sem eiga að mynda „fjórða valdið“ – vald eftirlits, gagnrýni og aðhalds frjálsrar fjölmiðlunar – jafn þýðingarmikið og það er í nútímapjóðfélagi.

Oft virðist það ekki vera til hér. Spillingin getur því grasserað nánast óhindrað.

Höfundur er stofnandi og formaður Jarðarvina.

## Koma má í veg fyrir allt að 80% mistaka sé öryggi sjúklinga aukið

Eftir Guðbjörgu Pálsdóttur



Guðbjörg Pálsdóttir

Í maí síðastliðnum ákvað Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) að koma á árlegum alþjóðlegum degi sem tileinkaður væri öryggi sjúklinga. 17. september varð fyrir valinu og er nú tileinkaður öryggi sjúklinga

Markmið dagsins er að auka vitund fólks um öryggi sjúklinga, hvetja til samstöðu og aðgerða á heimsvísu og fá þannig fólk til að sameinast um að gera heilbrigðiskerfið öruggara en það er í dag.

Settar voru fram tíu staðreyndir um öryggi sjúklinga og kemur þar m.a. fram að í dag er talið að fjórir af hverjum tíu sjúklingum verði fyrir skaða innan heilbrigðiskerfisins. Til samanburðar er áætlað að á sama tíma og einn af hverjum 3 milljónum eigi á hættu að deyja í flugi, er hlutfallið 1 á móti 300 hjá sjúklingi sem verður fyrir mistökum í meðferð í heilbrigðiskerfinu. Talið er að hægt sé að koma í veg fyrir allt að 80% mistaka, sé öryggi sjúklinga aukið.

Mistök tengd lyfjagjöfum geta valdið alvarlegum skaða og jafnvel leitt til dauða. Þau eru ein aðalorsök atvika sem væri hægt að fyrirbyggja þar sem mistök eru m.a. rakin til þreytu í starfi, slæms starfs-umhverfis og skorts á starfsfólki.

Margar stórar fjölþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á alvarlegar afleiðingar fyrir gæði heilbrigðisþjónustunnar og öryggi sjúklinga þegar hjúkrunarfræðinga skortir til starfa í heilbrigðiskerfinu. Þær sýna að herra hlutfall hjúkrunarfræðinga af heildarmannafla við hjúkrun tengist beint betri útkomum sjúklinga eins og lægri dánartíðni, færri endurinnlögnum, styttri sjúkrá-húslegu, færri innlögnum á gjörgæslu, aukinni ánægju sjúklinga og hjúkrunarfræðinga og að færri hjúkrunarfræðingar kulna í starfi. Dr. Tedros Adhanom, yfirmaður Al-

þjóðaheilbrigðismálastofnunar, telur hjúkrunarfræðinga vera mikilvægustu stéttina í heilbrigðiskerfinu enda er hún, ásamt ljósmæðrum, helmingur alls heilbrigðisstarfsfólks í heiminum. Öruggnönnun hjúkrunarfræðinga bjargar mannlífum og er auk þess fjárhagslega hag-

» Öruggnönnun hjúkrunarfræðinga bjargar mannlífum og er auk þess fjárhagslega hagkvæm. Þess vegna þarf að fjölga hjúkrunarfræðingum.

kvæm. Þess vegna þarf að fjölga hjúkrunarfræðingum, halda þeim sem fyrir eru í starfi og fá þá sem hætt hafa að starfa við hjúkrun aftur til starfa.

Fram kemur í nýrri metnaðarfullri heilbrigðisstefnu fyrir íslenskra heilbrigðisþjónustu til ársins 2030 hvernig auka eigi gæði þjónustunnar og að mikilvægt sé að mönnum samræmist umfangi heilbrigðisþjónustunnar til að tryggja gæði og öryggi hennar. Við höfum því skýra stefnu til að vinna eftir og aðgerða-áætlun til næstu fimm ára. Einnig þarf sterka forystu ráðamanna sem forgangsraða öryggi sjúklinga efst á oddinn, gögn sem sýna fram á bætt öryggi, vel menntað og hæft starfsfólk og virka þátttöku sjúklinga í sinni eigin umönnun. Allir þessir þættir geta stuðlað að verulegum úrbótum í öryggi sjúklinga og er það hlutverk yfirvalda, heilbrigðisstarfsfólks, sjúklinga og aðstandenda að sameinast í því verkefni.

Höfundur er formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. [gudbjorg@hjukrun.is](mailto:gudbjorg@hjukrun.is)

## Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. september 2019, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. september 2019 og önnur gjaldfallin álgöð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. september 2019, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álgöðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármála fyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreidd fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuáhræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. september 2019

Ríkisskattstjóri  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi  
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra  
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi  
Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum  
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum